



Íslensku tjáskiptasamtökin

Landssamtök ITC á Íslandi

- Tjáning en ekki þjáning -

Netfréttir Lands & Ráðs

1. tbl. starfsársins 2006-2007.

Október 2006

Stjórn og embættimenn Landssamtaka ITC á Íslandi starfsárið 2006-2007.

Forseti: Sigrún Guðmundsdóttir, *Jóru/Sögu.*

Kjörforseti: Ásthildur Sigurðardóttir,
Ísafold/Sögu.

Ritari: Ásgerður Gissurardóttir, *Melkorku.*

Gjaldkeri: Gyða Guðmundsdóttir, *Stjörnu.*

Þingskapaleiðari:
Anna Kristín Kjartansdóttir,
Jóru/Sögu.

Útbreiðslustjóri:
Hafdís Sverrisdóttir, *Írisi,*
E-mail: diss@isl.is, hafdis@ver.is

Samskiptatengill (CLO):
Jóna Sveinsdóttir, *Jóru.-*
E-mail: gudjonkr@simnet.is



Innsetning stjórnar á landsþingi 6. maí 2006

Ávarp landsforseta Sigrúnar Guðmundsdóttur

Kæru ITC félagar

Velkomin til starfa á nýju starfsári. Stef mitt þetta starfsár er „Fljúgum hærra – The sky's the limit“, sem á vel við samtökin okkar, sem eru öflug og til þess fallin að hjálpa okkur að gera allt sem okkur langar til. Það eru engin takmörk fyrir þjálfunarmöguleikunum sem felast í ITC samtökunum.

Gott dæmi er alþjóðlega forsetahelgin sem verður 27.-30. október nk. í Haag í Hollandi. Þangað munu nokkrir íslenskir félagar sækja fræðslu og taka þátt í dagskránni. Heimsþingið í Ástralíu á næsta ári er ekki síður spennandi kostur sem verður vonandi mörgum hvatning til dáða.

EFLING er meginmarkmið Landssamtakanna þetta starfsárið og hefur stjórnin þegar kynnt fyrir deildum undirmarkmið og hvaða skref verða stigin til þess að ná þeim.

Stórum áfanga er nú náð fyrir íslenska féлага því nú er fyrsti hluti þýðingar úr nýja

„Meistaranaum“ (Master Manual) kominn á læst heimasvæði ITC vefsíðunnar: www.itcintl.com.

Það sem helst er framundan er áframhald á þýðingu og birtingu efnis úr Meistaranaum og einnig er fyrirhugað að birta á vefsíðunni fræðsluefnið: „Orð og ímynd“ (Power Talk) í íslenski þýðingu.

Á þessu starfsári eru þrjú stórafmæli deilda, Stjarna varð 20 ára 4. október. Harpa verður 20 ára í janúar og Melkorka 25 ára í mars.

Landsþingið verður haldið 4.-5. maí 2007 á fallegum stað á Suðurlandi. Næsti viðburður verður þó ráðsfundurinn fyrir norðan 4. nóvember nk. og við sjáumst vonandi sem flest þar.

Fyrir hönd stjórnar landssamtakanna óska ég ykkur öllum gleðilegs nýs starfsárs og vona að þið náið að „Fljúga hærra“ en nokkru sinni.

Með kærri kveðju,
Sigrún Guðmundsdóttir,
forseti Landssamtaka ITC

NÝTT NÝTT!!

*Fræðsluefni á íslensku á læstu svæði á vefsíðu ITC-<http://itcintl.com/>
3. kafli „Meistarans“ (Master Manual) AP verkefni er kominn á netið.
Munið að aðgangur að læsta hluta vefsíðunnar er eftirnafnið ykkar og félagsnúmer.
Gjaldkerar deilda halda utan um félagsnúmer*

Kynning og útbreiðsla

Í Landssamtökunum eru í dag um 130 félagar. Hvíslað hefur verið að þegar hafi sjö félagar bæst í hópinn í haust og lofar það góðu um framhaldið, tvær deildir hefa haldið kynningarfund þegar þessi orð eru skrifuð.

Margar deildir halda sína kynningarfundir í október. Útbreiðslunefndin hefur þegar tekið þátt í kynningu sem var á bæjarhátíð Mosfellsbæjar „Í túninu heima“ í ágúst sl., ásamt deildunum Korpu og Sögu. Þá eru

samtökin þátttakendur í „Viku símenntunar“ með upplýsingar á heimasíðunni Mennt.is.

Ætlunin er að færa heimasíðuna okkar: www.simnet.is/itc til betra horfs, vonandi með nýju útliti og í nýju forriti. Það tekur tíma og líka peninga, en þangað til verður reynt að uppfæra gömlu heimasíðuna eins og hægt er.

Áhugsamir tölvufærir ITC félagar óskast til þátttöku í heimasíðuverkefninu.

Sigrún Guðmundsdóttir.



OKTÓBER

*minningarmánuður stofnanda ITC, Earnestine White,
og kynningarmánuður ITC*

Earnestine White stofnaði ITC samtökin í Bandaríkjunum 25. júní 1938. Í ræðu sinni á fyrsta alþjóðþingi ITC, 11. ágúst 1939 sagði Earnestine White nýkjörin stofnforseti:

„Tilgangur okkar hlýtur að vera að bæta orð okkar og athafnir, auka hæfni okkar til að hafa áhrif á aðra, rækta með okkur forystuhæfileika og að stjórna orðum okkar og gjörðum í þeim tilgangi að hvetja til magvíslegra aðgerða er orðið geta einstaklingum og heildinni til heilla.“

Earnestine lést 39 ára gömul, 22. janúar 1943, eftir langvarandi veikindi. Hugsjónir hennar lifa og eru jafngildar í dag og þær voru við stofnun samtakanna. ITC samtökin í Bandaríkjunum 25. júní 1938.

(Úr „Ágrip af sögu ITC samtakanna 1975-2005“ gefið út á 30 ára afmæli Landsamtakanna)

30 ára AFMÆLISRIT ITC

Í tilefni af 30 ára afmælis samtakanna á Íslandi var gefið út afmælisrit samtakanna. Ritið er mjög glæsilegt og ættu allir núverandi og fyrrverandi ITC félagar að eiga það en hægt er að nálgast það í versluninni, hjá gjaldkera landsstjórnar og í ITC deildum. Ritið kostar aðeins 2.000 krónur.



Árleg jólakortasala MINNINGARSJÓÐS INGIBJARGAR ÁSTU BLOMSTERBERG

Nú hefur, þriðja árið í röð, verið ýtt úr vör sölu jólakorta til styrktar Minningarsjóði Ingibjargar Ástu Blomsterberg. Eins og kunnugt er veitir sjóðurinn styrki til flutnings og sóknar fræðslu fyrir ITC félagi utan heimabyggðar, eins og reglugerð kveður á um.

Á boðstólum í ár eru margar tegundir fallegra jólakorta auk skemmtilegra merkimiða. Nýjung í kortasölunni í ár eru sígild tækifæris smákort (vistitkort). Allt er þetta á vægu verði. Félagar eru eindregið hvatti til að styrkja minningarsjóðinn og senda sem mest af jólakveðjum í ár. Einnig er vakin athygli á það er alveg sjálfsagt og leyfilegt að selja öðrum en ITC félögum kort minningarsjóðsins og vel þegið ef einhver vill stuðla að því.

Ætlunin er að heimsækja deildir með úrvalið og einnig verður sala á ráðsfundi á norðurlandi 4. nóvember n.k. Undirrituð hefur umsjón með sjóðnum og kortasölunni. Hægt er að hafa samband í síma: 849 1383 eða tölvupóstfangið asthsig@gmail.com

♥ Gjafakort fyrir þá sem eiga eitt af öllu og tvennt af sumu og minningarkort um látna ættingja eða vini.

Minnt er líka á gjafa- og minningarkort sjóðsins. T.d. er ekki úr vegi að kaupa sér minningarkort til að eiga handbær þegar á þarf að halda.

Ásthildur Sigurðardóttir, kjörforseti,

▼ Haustfundur landsstjórnar



Landsstjórn boðaði til fundar 14. september sl. með forsetum deilda og ráðs og formönn nefnda og öðrum áhugasömum félögum. Fundurinn sem var haldin í Hjallakirkju í Kópavogi var vel sóttur þó ekki ættu allar deildir heimangengt eins og gengur.

Þar voru kynnt rækilega markmið landsstjórnar fyrir starfsárið og fjallað um landsþing frá. Heilarok fór fram í hópum um útbreiðslu, kynningarmál, heimasíðu og fræðslumál.

Stjórnun deilda var boðið upp á ýmis konar fræðsluefni og hjálpargögn til kynningarstarfs, í rafrænu formi, og nýttu margir sér þá þjónustu. M.a. er á boðstólunum tilbúin rafræn glærुकynning á ITC (Power Point), sem er tilvalin til að nota á kynningarfundum og einnig til æfinga sem verkefni með rafrænum glærum.

Munið að láta AP meta verkefnin ykkar!

Það fæst t.d. kvittun í AP bókina fyrir setu á fræðslufundum og heimsóknir í aðrar deildir. Munið hina árlegu AP keppni milli deilda.

Deildir ITC á Íslandi 2006-2007

ITC Fífa Kópavogi

Forseti: Eva Dagmar Steinsson

Fundur: 1. og 3. miðvikudag kl. 20:15 í Safnaðarheimili Hjallakirkju, Álfaheiði 17, Kóp

Netfang: evadagmar@internet.is

ITC Fluga Mývatnssveit

Forseti: Kornína Björg Óskarsdóttir

Fundur: 2. og 4. mánudag kl. 21:00, víðsvegar um sýsluna, oftast þó í Hafralækjarskóla.

Netfang: konny.bjorg@simnet.is

ITC Harpa Reykjavík

Forseti: Kristín Magnússon

Fundur: 2. og 4. þriðjudag kl. 20:00 í Borgartúni 22, 3 hæð, Rvk.

Netfang forseta: kristin.magnusson@sjr.stjr.is

Netfang stjórnar og deildar:

itcharpa@hotmail.com

ITC Íris Hafnarfirði

Forseti: Magnea Þórsdóttir

Fundur: 1. og 3. mánudag kl. 20:00 í Odda, Safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju við Strandgötu, Hafnarfirði.

Netfang: vilth@visir.is

ITC Ísafold, "Grand Ladies".

Forseti: Ágústa Bárðardóttir

Fundur: 1. fimmtudagur kl. 19:30, Hótel Loftleiðum (tilkynna um mætingu til forseta)

Netfang: steinigusta@simnet.is

ITC Jóra Selfossi

Forseti: Magný Rós Sigurðardóttir

Fundur: 1. og 3. mánudag kl 20:00 í Selinu, Engjavegi 44, Selfossi.

Netfang: magnyros@simnet.is

ITC Korpa Mosfellsbæ

Forseti: Bylgja Matthíasdóttir

Fundur: 1. og 3. miðvikudag kl 20:00 í Safnaðarh. Lágafellssóknar, Þverholti 3, Mos

Netfang: homopati@hive.is

ITC Melkorka Reykjavík

Forseti: Kolbrún Gísladóttir

Fundur: 2. og 4. miðvikudag kl 20:00 að Hólmgarði 34, Rvk.

Netfang: kolbgisl@landspitali.is

ITC Saga – enska deildin

Forseti: Anna M. Axelsdóttir

Fundur: 4. fimmtudag kl 19:30 í Hlégarði, Mosfellsbæ.

Netfang: amax@simnet.is

ITC Stjarna Rangárbíngi

Forseti: Sólveig Stolzenwald

Fundur: 2. og 4. miðvikudag kl 20:30 í Hvoli, Hvolsvelli.

Netfang: solostolz@internet.is



4. október 2006

20 ára afmæli ITC Stjörnu, Hellu.

27. – 29. október 2006

Alþjóðleg forsetahelgi ITC í Haag í Hollandi

4. nóvember 2006

Fyrri ráðsfundur á Húsavík

9. janúar 2007

20 ára afmælisfundur ITC Hörpu, Reykjavík.

16. mars 2007

25 ára afmæli Melkorku, Reykjavík.

Ódagsett í mars 2007

Seinni ráðsfundur

4.-5.mai 2007

Landsþing

21.-25. júlí 2007

Heimsþing ITC í Brisbane í Ástralíu.



Frá forseta ITC Hörpu í Reykjavík.

ITC deildin Harpa verður 20 ára í janúar n.k. eða þann 13. janúar. Haldið verður upp á daginn þriðjudaginn 9. janúar. Nánar um þennan stórviðburð síðar en allir eru velkomnir að fagna með okkur Hörpukonum.

Kristín Magnússon
forseti I7TC Hörpu

Nefndir Landssamtaka ITC á Íslandi 2006-2007

Dagskrár- og fræðslunefnd:

Ásthildur Sigurðardóttir,
Sögu/Ísafold, formaður
Fanney Úlfjótisdóttir, Ísafold
Hlíf Guðmundsdóttir, Hörpu

Fjárhagunefnd:

Edda M. Halldórsdóttir, Írisi/Sögu formaður
Guðrún Olgeirsdóttir, Fífu/Sögu
Gyða Guðmundsdóttir, Störnu
Sólveig Stolzenwald, Stjörnu, verslunarstjóri

Útbreiðslunefnd:

Hafdís Sverrisdóttir, Írisi/Sögu, formaður
Bylgja Matthíasdóttir, Korpu
Ingibjörg Vigfúsdóttir, Hörpu/Sögu
Jóhanna Guðmundsdóttir, Jóru

AP- nefnd: (sameignleg með I. ráði)

Guðrún Sigurðardóttir, Flugu, formaður
Arnþrúður Halldórsdóttir,
Hörpu/Melkorku/Ísafold
Guðbjörg Jóna Magnúsdóttir, Hörpu
Guðrún Barbara Tryggvadóttir, Fífu
Guðrún Olgeirsdóttir, Fífu/Sögu

Ræðukeppniefnd:

Kornína B. Óskarsdóttir, Flugu, formaður
Elín Hildur Jónsdóttir, Flugu
Sigríður Guðjónsdóttir, Flugu

Laganefnd:

Ingibjörg Vigfúsdóttir, Hörpu/Sögu, formaður
Elísabet Þórarinsdóttir, Fífu
Anna Kristín Kjartansdóttir, Jóru/Sögu
Guðrún S. Viggósdóttir, Fífu

Ritnefnd (og sögunefnd)

Guðbjörg Jónsdóttir, Hörpu/Sögu, formaður
Dóra Axelsdóttir, Hörpu
Kristín Gunnarsdóttir, Melkorku
Þuríður Guðmundsdóttir, Hörpu/Sögu

Landspingsnefnd:

Guðlaug Helga Hálfðanardóttir, Korpu
umsjónarmaður landsþings

Uppstillingar og kjörnefnd, (kjörin á landsþingi 2006):

Gunnjóna Una Guðmundsdóttir, Sögu/Korpu,
formaður
Elísabet Þórarinsdóttir, Fífu
Þórunn Snæbjarnardóttir, Flugu

Skoðunarmenn reikninga:

Sólveig A. Svavarsdóttir, Hörpu, formaður
Sigríður Sigurbergsdóttir, Ísafold

**Umsjón með Freyjulundi:
ITC deildin ÍRIS í Hafnarfirði**

ITC BÚÐIN

Til allra ITC deilda – Munið eftir ITC Búðinni. Hægt er að fá hana í heimsókn á deildarfund. **Solveig Stolzenwald í ITC Stjörnu** hefur umsjón með Búðinni um þessar mundir. Hægt er að ná í Sólveigu í gsm-síma 863-7273, heimasíma 487-5803 eða með tölvupósti: solsostolz@simnet.is Margar góðar vörur fást í búðinni á hreint frábæru verði.

FRÁ I. RÁÐI

Stjórn I. ráðs starfsárið 2006-2007 skipa.

Forseti: Anna Rósa Bjarnadóttir, Fífu

Kjörforseti: Lilja Guðný Friðvinsdóttir, Hörpu

Ritari: Ásta Lilja Jónsdóttir, Hörpu

Gjaldkeri: Guðlaug Helga Hálfdanardóttir, Korpu

Pingskapaleiðari: Guðrún S. Viggósdóttir, Fífu

Ávarp Önnu Rósu Bjarnadóttur, forseta ráðs

Forseti I. ráðs hefur valið sér stefnið „Vilji er allt sem þarf / All you need is the will“. Þar er vísað til þess að ef viljinn er fyrir hendi er allt hægt.

Haustið er komið þegar við hefjum ITC starfið eftir sumarfríið og á þessu hausti er stjórn I. ráðs tilbúin til leiks með ný tækifæri til áframhaldandi þjálfunar.

I. ráð ITC þarf að uppfylla lágmarks fræðsluskyldu fyrir deildir og embættismenn. Þar er meðtalin embættismannafræðslan. Á haustdögum lagði stjórn I. ráðs, ásamt Elísabetu Þórarinsdóttur úr Fífu, land undir fót norður til Húsavíkur með embættismannafræðslu fyrir Flugufélaga. Stjórn I. ráðs og Flugufélagar áttu góða og gagnlega helgi í sumarblíðunni á Húsavík 23. september s.l. og þakkar stjórnin Flugufélögum móttökurnar.

Embættismannafræðsla deilda á höfuðborgarsvæðinu og deilda fyrir austan fjall var haldin laugardaginn 30. sept í ráðstefnusal Þjóðminjasafns Íslands. Alls mættu 28 félagar ásamt stjórn I. ráðs. Er það samdóma álit allra er stóðu að fræðslunni að vel hafi til tekist og ánægjulegt hvað mæting embættismanna var góð. Fram kom bæði norðan og sunnan heiða, að svona fræðsla er mikil nauðsyn. Nýir félagar fá betri yfirsýn og dýpri skilning á embættunum og eru

betur búnir undir að taka að sér embætti innan deildar sinnar. Einnig finnst þeim eldri þeir vera hæfari félagar eftir því sem þeir mæta oftar á embættismannafræðslu.

Margar góðar ábendingar til stjórnar ráðsins komu fram. Var m.a. bent á að svona fræðsla þyrfti að vera miklu fyrir, helst áður en að starfið byrjaði úti í deildunum. Það er eitthvað sem ráðið þarf að taka til athugunar.

Nú hefur skólanefnd samtakanna flust yfir á ráðssviðið. Hefur I. ráð miklar væntingar til nefndarinnar og telur að þjálfunarferli hvers og eins ljúki í rauninni aldrei. Félagar í ITC eiga alltaf að geta bætt við sig þekkingu innan samtakanna.

Framundan er fyrri ráðsfundurinn á þessu starfsári, laugardaginn 4. nóvember og verður hann norðan heiða en Flugan er umsjónardeild fundarins. Að vera þátttakandi á stærri fundum eins og ráðsfundum er viðbót í reynslubrunn okkar. Og ekki spillir góður dagur í góðum félagskap með félögum annarra deilda. Eða eins og einn góður ITC félagi sagði: „Kynnumst heildinni ekki bara deildinni“.

Haustið er komið, ITC starfið er byrjað, vilji er allt sem þarf svo félagarnir og samtökin geti blómstrað og dafnað.

Anna Rósa Bjarnadóttir, forseti I. ráðs

Ráðsfundurinn sem allir bíða eftir - 4. nóvember

Kæru ITC félagar.

Nú er starfið innan ITC óðum að komast á fulla ferð, og styttest í að 7. ráðsfundur og námsstefna I. ráðs ITC verði haldinn. Fundurinn verður að þessu sinni á Húsavík og er Flugan umsjónardeild.

Eins og allir vita þá eru þær Flugukonunr höfðingjar heim að sækja og er ég viss um það að þessi fundur verður ekki síðri en fyrri ráðsfundir sem þær hafa haft umsjón með og hvet ég ykkur öll að taka frá þessa helgi það er 3.-5. nóvember og skella ykkur í fjörið norður. Í boði verða spennandi fræðslufni og góð skemmtun.

Sjáumst sem flest á Húsavík.

Lilja G. Friðvinsdóttir, kjörforseti I. ráðs.

Fréttir frá skólanefnd ráðs

Með lagabreytingum á síðasta starfsári færðist skólanefnd ITC af landssviði yfir á ráðssvið.

Í skólanefnd I. ráðs eru: Ásta Lilja Jónsdóttir og Ingibjörg Vigfúsdóttir, Hörpu, Hrefna Ásmundsdóttir, Melkorku, Jóna Valdís Sveinsdóttir, Jóru, Sigurlaug Þórðardóttir, Írisi og Guðrún Viggósdóttir, Fífu.

Þann 23 og 30. september var haldin embættismannafræðsla á vegum ráðsins. Þar var gerð könnun á því hverjar væru helstu óskir um fræðslu fyrir deildarfélag. Kom í ljós að flestir óskuðu eftir fræðslu um AP mat og hæfnismat. Næst kom ósk um raddbeitingu og framkomu í ræðustól.

Nefndin sem hélt fyrsta fund sinn 2. október sl. hefur því ákveðið að halda AP námskeið og nýliðanámskeið í október og nóvember. Nánari upplýsingar um dagsetningar og fundastað verða auglýstar og sendar í deildirnar eins fljótt og hægt verður.

Það er að stefna skólanefndarinnar að koma til móts við óskir félaga eins og hægt er.

Vonumst við til að sjá ykkur sem flest í vetur.

Með bestu kveðjum,
Ásta Lilja Jónsdóttir,
formaður skólanefndar



Nefndir I. ráðs 2006-2007

Dagskrár- og fræðslunefnd:

Lilja Guðný Friðvinsdóttir, Hörpu, formaður
Dóra Axelsdóttir, Hörpu
Guðlaug Helga Hálfánardóttir, Korpu
Jóhanna Axelsdóttir, Fífu

Fjárhagsnefnd:

Elísabet G. Þórarinsdóttir, Fífu, formaður
Aðalheiður Úlfsdóttir, Korpu
Guðlaug Helga Hálfánardóttir, Korpu

AP- nefnd: (sameiginleg með landssviði)

Guðrún Sigurðardóttir, Flugu, formaður
Arnþrúður Halldórsdóttir, Hörpu/Ísafold
Guðbjörg Jóna Magnúsdóttir, Hörpu
Guðrún Barbara Tryggvadóttir, Fífu
Guðrún Olgeirsdóttir, Fífu/Sögu

M&R nefnd: (óskipuð)

Laganefnd: (sameiginleg með landssviði)
Ingibjörg Vigfúsdóttir, Hörpu/Sögu, formaður
Anna Kristín Kjartansdóttir, Jóru/Sögu
Elísabet Þórarinsdóttir, Fífu
Guðrún S. Viggósdóttir, Fífu

Skólanefnd:

Ásta Lilja Jónsdóttir, Hörpu, formaður
Hrefna Ásmundsdóttir, Melkorku
Ingibjörg Vigfúsdóttir Hörpu/Sögu
Jóna Valdís Sveinsdóttir, Jóru
Sigurlaug Þórðardóttir, Írisi

Skoðunarnefnd reikninga:

Guðrún Olgeirsdóttir, Fífu
Guðrún Barbara Tryggvadóttir, Fífu



Frá ritstjóra til allra félaga (formanna nefnda og embættismanna).

Stefnt er að útgáfu fréttabréfs Lands & Ráðs eigi sjaldnar en á 2ja mánaða fresti þetta starfsár. Til þess að svo verði þurfið þið að vera dugleg að senda inn fréttapistla af öllu sem er að gerast. Það er alltaf eitthvað að gerast. Munið **GAGNVIRK SAMSKIPTI**.

Ásthildur Sigurðardóttir, kjörforseti.

Útgefandi: Íslensku tjáskiptasamtökin, Landssamtök ITC á Íslandi

Veffang: <http://www.simnet.is/itc>

Tölvupóstfang: itc@simnet.is

Ábyrgð og ritstjórn: Ásthildur Sigurðardóttir, kjörforseti, asthsig@gmail.com

Alþjóðasamtök ITC International Training in Communication – www.itcintl.com
